

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 150 Reykjavík  
 Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
 Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Reykjavík, 6. ágúst 2014.

Hr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson  
 forsætisráðherra  
 Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
 101 Reykjavík.

Samkvæmt lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er það hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Skal umboðsmaður í því sambandi gæta þess að stjórnsýslan fari fram í samræmi við lög, vandaða stjórnsýsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ástæða þess að yður, hr. forsætisráðherra, er ritað bréf þetta er það hlutverk sem þér farið með í tengslum við siðareglur ráðherra samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, sbr. einnig m-lið 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands. Með stoð í 2. mgr. 16. gr. þágildandi laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, voru samþykktar siðareglur ráðherra nr. 360/2011, sem voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda 8. apríl 2011. Í 4. mgr. 1. gr. siðareglannana kemur fram að reglurnar gildi „út starfstíma núverandi ríkisstjórnar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 73/1969“. Siðareglurnar voru settar á starfstíma ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur, þáverandi forsætisráðherra. Ekki verður séð að ríkisstjórn yðar hafi samþykkt nýjar siðareglur ráðherra.

Samkvæmt áðurnefndri 2. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011 samþykkir ríkisstjórn siðareglur fyrir ráðherra. Forsætisráðherra undirritar siðareglurnar fyrir hönd ríkisstjórnar og birtir þær. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögunum segir að samkvæmt 2. mgr. staðfesti forsætisráðherra siðareglur fyrir „ráðherra ríkisstjórnar sinnar“. Slíkar reglur hafi verið staðfestar 22. mars 2011 með heimild í gildandi lögum og hafi það verið „fyrstu siðareglurnar“ sem settar hafa verið í kjölfar þeirra lagabreytinga sem gerðar voru með lögum nr. 86/2010. Siðareglur þessar fylgdu með frumvarpi því er að varð að lögunum, sbr. fylgiskjal II með þeim. (Alpt. 139. löggj.þ., þskj. 1191.) Í 2. mgr. 16. gr. þágildandi laga nr. 73/1969

kom fram að forsætisráðherra staðfesti „siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnar sinnar“ í kjölfar samráðs á ráðherrafundi.

Með hliðsjón af framangreindu og með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er þess í fyrsta lagi óskað að umboðsmaður Alþingis verði upplýstur um hvort ríkisstjórn yðar, hr. forsætisráðherra, hafi samþykkt siðareglur fyrir ráðherra, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 115/2011. Hafi slikar reglur verið samþykktar er óskað eftir afriti af þeim.

Hafi ríkisstjórn yðar, hr. forsætisráðherra, ekki samþykkt siðareglur fyrir ráðherra er í öðru lagi óskað eftir afstöðu yðar til þess hvort siðareglur ráðherra nr. 360/2011 gildi um störf ráðherra í ríkisstjórn yðar. Í þessu sambandi er athygli vakin á því að á heima-síðu forsætisráðuneytisins er að finna hlekk: „Siðareglur ráðherra“ sem vísar á siðareglur ráðherra nr. 360/2011. Komi til þess að ríkisstjórn yðar samþykki siðareglur ráðherra er þess óskað að umboðsmanni verði tilkynnt um það sérstaklega.

Þess er óskað að svar berist fyrir 15. ágúst nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

  
Hafsteinn Dan Kristjánsson.  
Hafsteinn Dan Kristjánsson.